*Útg. 30. nóvember 2023*
*Gildir frá 1. janúar 2024*

# Gjaldskrá Aðalmarkaðar

## Hlutabréfaútgefendur á Nasdaq Iceland

Fjárhæðir í ISK án VSK

### SKRÁNINGARGJÖLD

Fastagjald er innheimt við móttöku beiðni um að hefja ferli vegna töku hlutabréfa til viðskipta. Gjaldið er óafturkræft og fyrnist eftir sex mánuði.

Markaðstengt gjald er innheimt eftir skráningu og miðast við meðalmarkaðsvirði fyrsta mánaðar eftir töku til viðskipta.

Ef veruleg breyting verður á félaginu á stuttum tíma eða í starfsemi þess, að því marki að félagið geti talist nýtt félag getur Kauphöllin hafið skoðun með sama hætti og ef nýtt félag myndi sækja um skráningu, í samræmi við ákvæði reglna fyrir útgefendur fjármálagerninga. Ef það er raunin getur Kauphöllin innheimt skráningargjöld í samræmi við gjaldskrá þessa.

Kauphöllin veitir 50% afslátt af skráningargjöldum ef félag er þegar skráð á aðalmarkað annarra Nasdaq Nordic kauphalla.

| | |
|---|---|
| Fastagjald | 7.950.000 |
| Markaðstengt gjald | 0,03% |
| Hámarksgjald | 23.950.000 |

### ÁRGJÖLD

Árgjöld skiptast í fast gjald og markaðstengt gjald. Markaðstengt árgjald miðast við meðalmarkaðsvirði fyrra árs (desember til nóvember). Meðalmarkaðsvirði er reiknað miðað við dagslokaverð hvers viðskiptadags. Í tilfelli hlutabréfa sem eru nýskráð eftir 1. nóvember fyrra árs, er miðað við markaðsvirði fyrsta mánaðar eftir töku til viðskipta.

Árgjald er innheimt í janúar fyrir yfirstandandi almanaksár, eða innan tveggja mánaða vegna nýskráninga.

Nýir útgefendur greiða fastagjaldið að fullu og að auki breytilegt gjald fyrir það sem eftir lifir árs frá skráningu miðað við markaðsvirði fyrsta mánaðar eftir töku til viðskipta.

Árgjald er ekki endurgreitt ef útgefandi er afskráður á almanaksárinu.

Ef umsókn um töku úr viðskiptum er móttekin af Nasdaq Iceland fyrir upphaf nýs almanaksárs og útgefandi er enn skráður á markað á nýju ári, greiðir útgefandi árgjald fram að afskráningu félagsins úr Kauphöllinni. Útgefandi greiðir einnig gjald vegna töku úr viðskiptum í samræmi við gjaldskrá.

| | |
|---|---|
| Fast gjald | 2.150.000 |
| Markaðstengt gjald | 0,0055% |
| Hámarksgjald, fast og markaðstengt | 15.400.000 |

### FYRIRTÆKJAAÐGERÐIR

Vinsamlega athugið að fleiri en einn liður í gjaldskrá getur átt við eina fyrirtækjaaðgerð.

**BREYTING Á NAFNVERÐI**

| | |
|---|---|
| Markaðstengt gjald vegna hækkunar á nafnverði *[1] | 0,10% |
| Fast gjald fyrir hverja breytingu á nafnverði | |
| Almennt | 635.000 |
| Útgáfa hlutabréfa til starfsmanna, hvert skipti upp að fjórum á almanaksári | 225.000 |
| Útgáfa hlutabréfa til starfsmanna, hvert skipti umfram fjögur á almanaksári | 70.000 |
| Hámarksgjald fyrir hverja breytingu | 9.350.000 |

**Önnur gjöld**

| | |
|---|---|
| Fyrirtækjaaðgerð eins og breyting á nafni og/eða auðkenni *[2] | 370.000 |
| Taka hlutabréfa úr viðskiptum að beiðni útgefanda | 860.000 |
| Sérþjónusta, gjald á klst. | 30.000 |
| Merking grænna hlutabréf, árgjald *[3] | 895.000 |

*[1] Markaðstengt gjald miðað við markaðsvirði nýrra hluta þann dag sem bréfin eru tekin til viðskipta.
*[2] Að hámarki 740.000 kr. ef sótt er um margar breytingar í einu.
*[3] Ekki er innheimt gjald fyrir fyrsta árið. Þjónustan er virðisaukaskattskyld